



Þrjónað fyrir heiminn

Skólaárið 2016-2017

LOKASKÝRSLA

Heiti verkefnis: Prjónað fyrir heiminn

Styrkþegar: Sjálalandskóli

Verkefnisstjóri: Silja Kristjánsdóttir

MARKMIÐ VERKEFNIS

Markmiðið er að hvetja nemendur til virkrar þátttöku í samfélaginu og láta gott af sér leiða. Nemendur prjóna húfur eða aðra hlýja flík fyrir fólk í neyð. Flíkin er merkt, pökkuð og send á áfangastað þar sem henni er komið til skila. Nemendur fylgjast með öllu ferlinu og fræðast um ástandið í heiminum. Heimilin og nærsamfélagið taka þátt í verkefninu. Nemendur finna að sú vinna sem þeir leggja í verkefnið skiptir máli úti í hinum stóra heimi. Verkefnið er framhald af verkefninu Hljýjar hugsanir – prjónað fyrir flóttafólk sem unnið var í Sjálalandskóla í nóvember 2015-janúar 2016.

LEIÐIR SEM FARNAR VORU TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM Þ.E. FRAMKVÆMD, TÍMAPLAN OG UMFANG VERKEFNIS

Vinna við verkefnið hófst strax í skólabyrjun á undirbúningi og skipulagningu. Meðal annars var fundað með nemendum í 7. bekk sem tóku virkan þátt í prjónaverkefni síðasta vetrar, Hljýjar hugsanir. Þá var ákveðið að prjóna aftur húfur.

Í október var leitað eftir stuðningi í formi garns til garnframleiðenda og innflytjenda. Verkefnið naut mikillar velvildar og fékk mikið magn garns gefins.

Í lok nóvember og desember var opið í hádeginu í textílstofunni þar sem nemendur gátu komið og prjónað húfur. Kennara Sjálalandskóla skiptust á að aðstoða nemendur og taka þátt. Prjónaðar voru um 350 húfur.

Í janúar voru húfurnar merktar, þær kláraðar og þeim pakkað fyrir flutning til Sviss þar sem átti að afhenda þær flóttafólki sem nýkomið var frá Sýrlandi. Afhendingin átti að fara fram í febrúar.

HINDRANIR OG FRÁVIK FRÁ UPPHAFLEGGRI ÁÆTLUN

Ákveðið var að vinna verkefnið eingöngu með nemendum í skólanum en hvetja heimilin til að taka þátt heima í stað þess að halda t.d. prjónakvöld í skólanum fyrir alla eða opið hús. Það var gert þar sem verkefnið var að mestu unnið í desember þegar nóg er að gera hjá öllum og óþarfi þótti að auka á álag heimilanna.

Stærsta hindrunin var þegar kom að afhendingu á húfunum, sem þó hafði verið vel skipulögð. Þegar húfurnar komu til Sviss reyndist ekki hægt að afhenda þær flóttafólkinu beint eins og til stóð og að lokum fóru þær á annan stað en ætlað hafði. Þær fóru beint í flóttamannabúðir fyrir börn sem hafa orðið viðskila við foreldra sína í Belgrad í gegnum samtökin *Volunteers for humanity*.

MAT Á VERKEFNINU

Verkefnið tókst einstaklega vel, áhugi nemenda og öll sú vinna sem þeir lögðu á sig besti vitnisburðurinn um það. 20-70 nemendur mættu í alla hádegistímana af fúsum og frjálsum vilja til að vinna saman. Mikið var spjallað um ástand heimsins og það hversu mikilvægt það væri að láta gott af sér leiða. Foreldrar voru líka ánægðir með verkefnið, sem fékk einnig umfjöllun í fjölmiðlum svo sem í kvöldfréttum RÚV og í Garðapóstinum.

RÁÐSTÖFUN STYRKS Þ.E:

Heildarupphæð styrks: 300.000

Vinna og kostnaður við flutning	300.000

AFRAKSTUR, ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF OG KYNNING

Í verkefninu þrjónuðu nemendur, kennarar og aðstandendur rúmlega 350 húfur. Nemendur veltu fyrir sér stöðu flóttafólks í heiminum og ræddu um það sín á milli með aðkomu kennara og foreldra. Þrjónatímarnir í hádeginu voru dýrmætar samverustundir fjölbreytts nemendahóps sem kom saman, vann og spjallaði saman. Verkefnið setti afar góðan brag á skólastarfið og skapaði rólega og jákvæða stemningu á aðventunni. Verkefnið fékk mikla athygli fjölmiðla og sem kynntu verkefnið vel og sýndu jákvæðar hliðar á skólastarfinu og vinnu barna og ungmenna.